

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Gísla Friðgeirsson frá Neytendastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005 frá 11. mars 2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að settar verði ítarlegar reglur um mælitæki, þar á meðal um framleiðslu, markaðssetningu og áreiðanleika auk reglna um prófanir, vottanir og eftirlit með slíkum tækjum. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn (þskj. 906, 620. mál) sem nú er til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jón Gunnarsson.

Bjarni Benediktsson.